

Skógræktarferð til Færeyja haustið 2010



Bærinn Kunoy á eyggi Kunoy. Einkenni á færeyskum þorpum og bæjum eru litrík hús og kirkja. Mynd: BJ

Skógræktarfélag Íslands hefur í mörg ár staðið fyrir almennum fræðsluferðum til útlanda. Í ár voru næstu nágrannar okkar og frændur í Færeyjum heimsóttir. Alls voru það 33 ferðalangar sem fóru frá Íslandi til Færeyja í þessa ferð og var hún farin dagana 30. ágúst til 3. september. Hluti hópsins fór svo í framhaldsferð dagana 4.–6. september, sem skipulögð var af ferðaskrifstofunni Trex, sem hélt utan um ferðina. Leiðsögumaður í skógræktarferðinni og einn aðal skipuleggjandi hennar var Tróndur Leivsson, landsskógarvörður í Færeyjum, en fararstjóri fyrir hönd Skógræktarfélags Íslands var Brynjólfur Jónsson.

Höfundur Ragnildur Freysteinsdóttir

Ágrip af sögu skógræktar í Færeyjum

Skógrækt í Færeyjum á sér aðeins lengri sögu heldur en skógrækt hér á landi, en margt er líkt með löndunum tveimur. Fornleifa- og plöntusögurannsóknir hafa sýnt að áður fyrr óx skógur og kjarr víða um Færeyjar, með ýmsum tegundum – birki, víði, reyni, elri, álmi, furu og fleirum. Stór hluti þeirra hvarf hins vegar fyrir löngu vegna loftslagsbreytinga. Birkiskógur óx hins vegar til landnáms norrænna manna um 800, en hvarf á 200–300 árum. Dæmi eru um tilraunir einstaklinga til að setja niður tré í Færeyjum aftur á 18. öld, en fyrstu opinberu skógræktartilraunir hófust í Færeyjum 1885 þegar gróðursett var við Þórshöfn, en þá höfðu nokkrar umræður verið um skógrækt á færeyska lögbinginu í nokkur ár. Eins og var hér á landi þá komu Danir töluvert að trjáræktartilraunum í Færeyjum og kemur þar fljótlega upp kunnuglegt nafn úr skógrækt hér á landi, Christian E. Flensborg, en hann sá um faglegar leiðbeiningar í skógrækt í Færeyjum fyrir hönd Danska heidafélagsins. Flensborg hafði ávallt mikil tengsl við Færeyjar, enda var eiginkona hans færeysk, og kom hann margsinnis til eyjanna til að fylgjast með framgangi trjá- og skógræktar þar. Þegar á leið var skipuð nefnd til að hafa umsjón með skógræktinni. Til að byrja með komu trjáplönturnar sem gróðursettar voru frá Danmörku. Það var svo árið 1907 að komið var á fót gróðrarstöð, að undirlagi Flensborg og Trond Hansen, þáverandi skógarvarðar, en hann var fyrsti Færeyingurinn til að vinna að fullu að skógrækt. Sú stöð lagðist af árið 1938 vegna fjárskorts og hófst þá aftur innflutningur plantna frá Danmörku. Liðu þrír áratugir áður en aftur var komið upp gróðrarstöð og þá í Hoydal í útkanti Þórshafnar.

Árið 1952 voru sett ný lög um málaflokkinn, sem settu Skógfriðingarnevnd yfir hann. Lögunum var svo breytt árið 1975, þannig að nefndina skipa fimm pólitískt kosnir meðlimir. Árið 1987 var komið á fót sér stofnun, Skógrækt Landsins, undir eftirliti Skógfriðingarnevndarinnar og stýrt af landsskógarverði. Skógræktina er nú búið að sameina við fleiri stofnanir í Umhvörvisstovan, í deild er heitir Viðarvækstur og frilendi.

Aðstæður til skógræktar í Færeyjum

Færeyjar eru ekki stórar að flatarmáli, eingöngu um 1400 km², og skiptist flatarmálið á milli átján eyja. Loftslag er mjög hafrænt og mildara en búast mætti

við miðað við hnattstöðu, en eins og Ísland njóta eyjarnar áhrifa Golfstraumsins. Sumur eru svöl, vetur mildir og úrkoma töluverð, eða að meðaltali um 1400 mm á ári (800 – yfir 3.000 mm). Nokkur munur er þó á milli eyjanna, t.d. getur verið allt að 1°C heitara á syðstu eyjunni, Suðurey, heldur en í Þórshöfn, er liggur norðar.

Eyjarnar eru vel grónar yfirlitum, með grænan lit upp á hæstu fjöll. Nánari skoðun leiðir hins vegar í ljós fábreytt gróðurfar, en graslendi er algengast, með mosa er ofar dregur. Á einstaka stað má sjá bletti með lyngi og í hamrabrunum og öðrum óaðgengilegum stöðum finnast leifar af fjölbreyttari gróðri. Jarðvegur er víða frekar þunnur, eins og greinilega má sjá á bökkum hinna fjölmörgu smálækja og áa sem renna niður brattar hliðarnar.

Ástæða þessarar fábreytni í gróðurfari er einföld – í eyjunum er mikil sauðfjárbætur. Til skamms tíma var engin hefð fyrir því að taka fé á hús og fóðra. Því var og er vetrararbeit mikil á eyjunum, meira að segja í bæjunum. Sem dæmi má nefna að það var ekki fyrir en árið 1979 sem vetrararbeit var bönnuð innan höfuðstaðarins Þórshafnar. Almenn gildir að sauðkindin á fyrsta rétt á landinu og er það staða sem skógræktarfólk hérlandis kannast býsna vel við. Opinberar tölur um sauðfé í Færeyjum eru um 70.000 fjár, en það er nokkuð örugglega vantalið. Vegna þess hve eyjarnar eru ásettar fyrir beit eru dæmi um að fé, sem sloppið hefur inn fyrir skógræktargirðingar, hafi að vetri til bitið allt sem tönn á festi, meira að segja sitkagreni.



Sauðkindin er hálfgerð einkennisdyr Færeyja og áberandi hátt blutfall af hrútum, miðað við það sem við eigum að venjast hér á landi.



Færeyjar eru vel grænar yfir að líta, en gróðurfarið verður seint talið mjög fjölbreytt. Hér má sjá Litla-Dímon.

Hvað varðar úttegund lands til skógræktar eru mál mun erfiðari í Færeyjum en héraendis. Nær allt land er annaðhvort í einkaeigu eða konungsjarðir (gamlar kirkjujarðir) með búsetu og almannaréttur enginn. Erfðaréttur hefur ýtt undir að jarðir skiptust áður í smáparta og hin sterka hefð sauðfjárhalds, ásamt takmörkuðu landssvæði eyjanna, hefur þýtt að erfitt er að fá land til skógræktar.

Í Færeyjum eins og hér gildir þó að viðhorfin breytast smátt og smátt með nýjum kynslóðum. Skógarreitirnir við bæina eru vinsælir til útivistar og yngsta kynslóðin, alin upp við að fara í skógarreitina sér til skemmtunar, er mun áhugasamari og meðvitaðri um að stækka og fjölga skógarreitum. Búið er að gera marga reitina vel úr garði til útivistar, með góðum stígum, borðum, bekkjum og annarri aðstöðu og greinilega vel um þá hugsað.

Þótt loftslag í Færeyjum setji, eins og hér á landi, takmörk á hvaða tegundir og kvæmi er hægt að rækta með góðu móti þarf ekki að skoða skógarreiti og garða í Færeyjum lengi til að sjá að þar er fyllilega hægt að koma upp hinum skemmtilegasta skógi, ef notaðar eru réttar tegundir. Vaxtartími þar er að jafnaði lengri en hér, þar sem síður frystir, og úrkoma öllu meiri. Helst er það vindur og salt sem setur mark sitt á þau tré sem í Færeyjum vaxa, ásamt

takmarkaðri þykkt jarðvegsins. Skógar í Færeyjum hafa inn á milli orðið fyrir áföllum, til dæmis gerði mikið óveður í desember 1988 sem felldi um koll töluvert af eldri trjám í mörgum reitum. Sú hætta minnkar þó væntanlega eftir því sem prófanir leiða í ljós hentugustu tegundirnar fyrir aðstæður í Færeyjum.

Ferðasaga

Ferðin hófst mánudaginn 30. ágúst, en þá var flogið síðdegis frá Reykjavíkflugvelli og lent á flugvellinum í Vágar um áttaleytið. Þennan fyrsta dag var því lítið annað gert en að koma ferðalöngunum fyrir á hóteli í Þórshöfn.

Þriðjudagur 31. ágúst

Farið var um norðurhluta Straumeyjar, Austurey og Norðureyjar. Með okkur þennan dag voru Dánjal Petur Höjgaard, sem situr í Skógfriðingarnevndinni og Hans Hjalti Skaale, garðyrkjustjóri Klakksvíkur.

Dagurinn hófst á ferð til Kunoy og heimsókn í viðarlundinn þar, eins og skógarreitirnir kallast í Færeyjum. Þar var fyrst gróðursett árið 1914, en engin tré eru á lífi frá þeim tíma. Í lundinum féll mikið af trjám í óveðrinu 1988 og var því töluvert gróðursett í hann eftir það. Meðal annarra hafa

bæði Ólafur Ragnar Grímsson og Margrét Danadrottning sett þar niður tré – Ólafur alaskaösp en Margrét blóðbeyki. Landið hefur, frá því snemma á 6. áratugnum, verið í eigu sveitarfélagsins, en Skógfríðingarnevndin fer með umsjón skógarins. Skógurinn er nokkuð fjölbreyttur, meðal annars eru margar þintegundir og töluvert af gullregni meðfram stíg í gegnum lundinn. Frá viðarlundinum var svo gengið niður í bæinn Kunoy, kíkt á eina litla vatnsmyllu sem varð fyrir ferðalöngunum og því næst stigið upp í rútu og haldið til Klakksvíkur.

Í Klakksvík var byrjað á að fara til kirkju og hlýða á fræðslu Alex Sólstein, fyrrverandi skólustjóra, um Christianskirkjuna, sem er glæsileg. Í kirkjunni er geysistór altaristafla, sem var upphaflega freska í dómkirkjunni á Viborg á Jótlandi. Þar lá hún hins vegar undir skemmdum vegna raka frá vegg kirkjunnar, var færð yfir á léreft af ítölskum sérfræðingum og svo geymd á safni í Kaupmannahöfn. Þar segir sagan að arkitektinn Peter Koch hafi séð hana, viljað finna henni viðeigandi stað og hannað kirkjuna utan um hana. Kirkjan er annars byggð með hefðbundnu færeysku kirkjulagi og var vígð árið 1963.

Frá kirkjunni var svo haldið til viðarlundarins Úti í Gröv utan við Klakksvík. Byrjað var á smá hressingargöngu upp í hlíð að smáhýsi, þar sem ferðalangarnir fengu úthlutað hádegissnarli til að gæða sér á. Færeyingarnir hafa greinilega ekki viljað að gestirnir yrðu svangir, því í pokanum voru tvær samlokur af stærri gerðinni, banani og súkkulaðistykki. Eftir matinn var svo haldið í göngutúr um svæðið. Skógrækt í viðarlundinum hófst um 1980 og er



Á röltinu um skógarlundinn í Kunoy.

lundurinn alls rúmir 3 ha að stærð, ofan og neðan vegar. Neðan vegar eru elstu gróðursetningarnar og hærri trén og er þar mjög skemmtilegt útivistarsvæði, sem er mikið nýtt af íbúum Klakksvíkur, en meðal annars má finna þar tótt, talda frá víkingatím- anum, en eftir er að framkvæma fornleifauppgröft. Skógurinn er mjög fjölbreyttur og má meðal annars finna þar nokkrar tegundir af lenju og elri, alaska- ösp, reyni, skógarfuru, lerki, fjallafuru, hafþyrni og margt fleira.

Því næst var haldið aftur til Klakksvíkur og farið í smá gönguferð um bæinn að skoða trjágróður í gördum, meðal annars garð listamannsins Edward Fuglö og gamla læknagarðinn, en það var eini garðurinn í Klakksvík með trjám þegar C.E. Flensborg var þar á ferðinni 1902. Eða

eins og segir í skýrslu hans: „*Det eneste Sted, hvor jeg paa Rejsen saa Træer og træagtige Planter af nogen Betydning, var i Distrikts- læge Djurhuus's have i Klaksvig, hvor Doktoren har ladet udføre ret betydelige Arbejder*“. Frá gördum var svo haldið í heimsókn til bruggverksmiðju Føroya Bjór, þar sem þyrstir ferðalangarnir fengu kynningu á starfseminni og



Tróndur Leivsson við viðarlundinn Úti í Gröv. Þar er að finna töluvert af ábugaverðum runnum. Takið einnig eftir skemmtilegu skiltinu. Mynd: BJ



Óhefðbundin uppsetning á styttnu, hér af Þrándi í Götun.

smökkun á afurðunum og runnu þær ljúflega niður, en Føroya Bjór framleiðir bæði bjór og gosdrykki. Að því loknu var haldið aftur til Þórshafnar.

Í ferðinni þennan dag bar svo að sjálfsgöðu ýmislegt áhugavert fyrir augu, svo sem eitt best varðveitta dæmið um stallaræktun í Haldarsvik, Fossá – hæsta foss Færeyja, einleifar í gilbrúnum (þar sem sauðfé

nær ekki að koma tönnum að), sérstaka styttnu af Þrándi í Götun, uppistöðulón fyrir orkuver sem er í byggingu, litla skógarteiga, drangana Risann og Kellinguna og margt fleira stórt og smátt.

Miðvikudagur 1. september

Þessi dagur var tileinkaður Suðurey. Gengið var niður að höfn í Þórshöfn árla morguns og ferjan Smyril tekin til Suðureyjar. Siglingin þangað tekur um tvo tíma og býður upp á skemmtilegt útsýni yfir hluta Færeyja, en siglt er framhjá Nólsoy, Sandey, Skúvoy, og Stóra- og Litla-Dímon.

Á Suðurey tók Otto West, bæjarstjóri í Hvalba, á móti hópnum, auk heldur fornfálegrar rútu, en nýjar rútur eru of stórar til að fara í gegnum göngin til Hvalba, þannig að sú gamla var notuð fyrst um sinn. Ekið var sem leið lá til Hvalba og byrjað á að fara út að Hvalbiareiði. Þar er lítil höfn neðst í snarbrattri brekku. Otto benti á hversu hörð lífsbaráttan hafi verið áður fyrr, þar sem draga þurfti bæði fiskinn og bátana upp snarbratta brekkuna á þurrt. Í fjallshlíðinni ofan hafnarinnar er smá skot sem íbúarnir földu sig í þegar „Tyrkir“ komu á eyjarnar í leit að þræl-



Hér þarf að hafa töluvert fyrir því að draga afla og báta á land.



Við viðarlundinn í Trongisvági sést vel munur á gróðurfari innan og utan girðingar. Innan girðingar nær lyng og kjarr sér á strik og grasið er hávaxið, en utan girðingar er gras snöggt vegna beitar og gróðurþekjan rofin. Mynd: BJ

um, en Færeyingar lentu í Tyrkjaráni eins og við. Ólíkt því sem þó gerðist hjá okkur, þá komst ekkert af því fólki, sem var tekið, til baka aftur. Í Hvalba var ferðalöngunum svo sýnt svæði út frá grunnskóla bæjarins þar sem áhugi er á að koma upp útivistarskógi og er sveitarstjórnin búin að kaupa landið. Hugmyndir eru um að nýta nálægðina við skólann og leyfa börnunum að setja niður plöntur, en það fyrirkomulag getur ræktað upp bæði trjágróður og skógræktarfólk! Eftir stutta skoðun á gördum í bænum var svo stefnan tekin til Þvereyrar, eftir að búið var að þakka Otto fyrir móttökurnar.

Hádegisverður var snæddur við viðarlundinn í Trongisvági, en þar tóku á móti hópnunum Kristin Michelsen, bæjarstjóri Þvereyrar og Ólavur Rasmussen verkefnisstjóri, ásamt Anitu Farstad, en sveitarfélagið Þvereyri bauð upp á hádegismatinn, hveitibrauð með rúllupylsu og skerpi kjöti. Að snæðingi og tölum loknum var haldið í göngu um viðarlundinn. Lundurinn er mikið notaður af íbúum og gestum (ferðamönnum), auk þess sem hann er mikilvægur fyrir fuglalífíð á svæðinu, en í honum má

finna sjaldséða flækina, t.d. glókoll, gransöngvara og glóbrysting, auk þess sem hegrar koma þar við því sem næst á hverju ári. Nokkur aldursdreifing er milli mismunandi hluta skógarins. Elstu tré eru frá því á 4. áratugnum, en þau yngstu gróðursett fyrir um tveimur árum. Um svæðið rennur á og sáu ferðalangarnir lax þar á svamli. Kom fararstjórinn reyndar höndum á hann, en þó ekki það fast að næðist að draga hann að landi. Búið var að útbúa tjörn við yngsta hluta skógarins, sem mun nýtast fuglunum vel í framtíðinni og auka á fjölbreytileika skógarins. Til fyrirmyndar er líka að þegar var búið að setja upp bekki við tjörnina, þótt trén í kring væru ekki enn orðin mjög hávaxin. Skógrækt er reyndar óvenju öflug í sveitarfélaginu, þar sem náðst hefur gott samstarf milli sveitarstjórnar og skógræktarinnar og hefur sveitarfélagið verið að kaupa upp land á svæðinu til að gróðursetja í.

Að gönguferð lokinni beið ný og betri rúta hópans og var stefnan tekin á bæinn Sumba, sem er syðsti bær í Færeyjum. Var ekin gamla leiðin til Sumba (nýja leiðin er mun styttri og um jarðgöng), sem var



Skemmtilegt „snuddutré“ í viðarlundinum í Trongisvági.

ákaflega eftirminnilegt. Vegurinn liggur yfir fjall og er hlykkjóttur og mjór og bratt niður á köflum, þannig að ekki var laust við að færi um suma ferðalangana. Stoppað var á leiðinni við Hesturin, en þar ganga þverhníptir hamrar í sjó fram, um 400 m háir, og þurftu ferðalangarnir því að fara mjög varlega við útsýnisskoðun og myndatöku. Útsýnið var óneitanlega stórkostlegt, en meðal annars er þar gott útsýni á hamarinn Beinivörð, sem er um 470 m á hæð og nær lóðréttur upp af sjónum. Ekið var svo áfram til Sumba, tekinn einn rúntur um bæinn og svo haldin fljótlegri leiðin gegnum göngin til baka, enda þurftu ferðalangarnir að vera komnir tímanlega í ferjuna við Þvreyri. Við tók róleg sigling aftur til Þórshafnar.



Ferðalangarnir skoða sig um í Fornminjasafninu í Þórshöfn.

Fimmtudagur 2. september

Þessi dagur var helgaður Þórshöfn og nágrenni. Með hópnum þennan dag var Tóri í Hoyvik, garðyrkjustjóri Þórshafnar, sem hefur umsjón með grænum svæðum í Þórshöfn, auk kirkjugarða. Byrjað var á að fara á Fornminjasafnið, en þar tók Regin Debess safnvörður á móti hópnum. Kynnti hann safnið og nokkra muni þess og stóð svo fyrir svörum um hvaðeina er íslensku ferðalangana langaði að forvitnast um í safninu, en þar má sjá ýmsa muni, m.a. báta, þjóbúninga, málverk er lýsa lífinu á eyjunum, ljósmyndir og finna ýmsan fróðleik um færeyska sögu og menningu.

Frá Fornminjasafninu var svo gengið að og í gegnum viðarlundi í Hoydal. Þar er einn af elstu tilraunareitunum og voru fyrstu trén sett niður árið 1914, í sambandi við berklahæli sem þar var. Ekkert af þeim trjám er reyndar á lífi nú, elstu trén eru frá 3. og 4. áratugnum. Berklahælinu var síðar breytt í menntaskóla, sem var áður eini menntaskólinn í Færeyjum og hefur því stór hluti Færeyinga einhver tengsl við staðinn, bæði í gegnum berklahælið og skólann. Tegundum í lundinum hefur verið fjölgað, sérstaklega eftir að hluti hans féll í storminum 1988. Meðal annars má finna þarna japanslerki, sitkagreni, stafafuru, lenju, dögling svið, ryðöl, selju, glæsitopp, eðalþin, hafþyrni, auk fágætari tegunda eins og risalífvið, „apahrelli“ (*Araucaria araucana*), *Buddleia globosa* og *Lomatia hirsuta*. Hæstu tré Færeyja eru í þessum skógi, um 20 m á hæð.

Gönguferðin endaði svo í gróðrarstöðinni í Hoydal. Þar biðu ferðalanganna borð og bekkir með kaffihressingu. Þar sagði Tróndur stuttlega frá starfsemi gróðrarstöðvarinnar og sögu svæðisins. Landið var áður í einkaeigu, en var keypt af sveitarfélaginu í Þórshöfn 1970. Sveitarfélagið gerði svo langtímasamning við Skógfriðingarnevndina um afnot af svæðinu árið 1978. Formaður Skógfriðingarnevndarinnar, Sigga Rasmussen, heilsaði upp á íslensku ferðalangana og minntist á samstarf þessara frændþjóða í skógrækt í gegnum tíðina. Að



Gengið um viðarlundina í Hoydal í góðviðrisþoku.



Rakul A. Dam kynnir gróðrarstöðina fyrir hópnnum.

kaffihléi loknu var haldið í gönguferð um stöðina undir leiðsögn Rakul A. Dam, sem er ræktunarstjóri stöðvarinnar. Byrjað var á að ganga um safn tegunda ættuðum frá suðurhveli jarðar (S-Ameríku, Nýja-Sjálandi, Tasmaníu), því næst farið um ræktunarsvæðið, kíkt í gróðurhúsin og endað á sölusvæðinu, en ekki var laust við að sumir ferðalanganna hafi gjóað ágirndaraugum á sumar plönturnar sem þar fengust.

Að skoðunarferðinni lokinni var tekinn smá krókur að Norðurlandahúsinu í Þórshöfn, sem er sérlega glæsileg bygging. Eftir stuttan stans þar var svo haldið á Hotel Hafnia í hádegismat. Eftir matinn skiptist hópurinn. Hluti hópsins valdi frjálsan tíma í bænum til að skoða Þórshöfn á eigin vegum en hluti fór með Trónði og Tóri í trjáskoðunarferð um bæinn. Gengið var frá Hotel Hafnia til viðarlundarins í Gundadali og kíkt á garða í leiðinni. Það var einmitt í Gundadali sem skóg-rækt hófst 1885, þannig að þetta er elsti lundur Færeyja. Viðarlundurinn er sérlega skemmtilegur – mjög fjölbreyttur gróður, gott stígakerfi og í norðurenda hans stendur Listasafn Færeyja. Í gegnum lundinn rennur smá

Eitt vinsælasta tréð í viðarlundinum hjá börnum að klifra í og gott dæmi um hvernig snúa má því sem venjulega væri talið áfall í skógrækt upp í jákvæðan hlut, Mynd: BJ



á. Gengið var markvisst í það fyrir nokkrum árum að gera ána heppilega fyrir fisk, með hreinsun og aðlögun farvegar, og tókst það svo vel að má nú sjá sprellandi silung í ánni. Eins og í mörgum öðrum lundum á eyjunni féll töluvert af trjám í storminum 1988 – einkum stafafura og sitkagreni. Var hluti þeirra fjarlægður og timbrið notað í gólfíð á Listasafninu, en nokkur tré voru, að yfirlögðu ráði, skilin eftir á hliðinni og eru það nú ein vinsælustu trén í garðinum hjá ungvíðinu, því þau eru fyrirtaks klifurtré. Hópurinn safnaðist svo aftur saman niður við höfn í Þórshöfn og hélt upp í rútuna og af stað til Kirkjubæjar.

Í Kirkjubæ tók á móti hópnnum Jóhan Hendrik W. Poulsen, prófessor emeritus í færeyskri málfræði, stundum kallaður „Orðabókin“. Kirkjubær var



Jóhan Hendrik W. Poulsen segir frá Kirkjubæ í Reykstofunni.

biskupssetur á miðöldum og var þar byggð dómkirkja – Magnúsarkirkjan – um 1300. Var byrjað á að skoða hana. Menn deilir á um hvort dómkirkjan hafi verið fullbyggð, en Jóhan Hendrik taldi líklegra að svo hefði verið og benti á vígslustein og vígslukrossa í kirkjunni því til stuðnings. Úr dómkirkjunni var svo haldið í Reykstofuna, sem er hluti Kirkjubæjarbýlisins, en hún var upprunalega byggð um 1100. Er Kirkjubæjarbýlið eitt elsta timburhús í heimi sem enn er búið í. Að lokum var haldið til núverandi kirkju í Kirkjubæ, en útveggir hennar eru frá 12. öld, sem gerir hana að elstu kirkju Færeyja, sem enn er í notkun. Prófaði hópurinn hljómburðinn í kirkjunni með því að fá lánaðar færeyskar sálmabækur sem í kirkjunni voru og taka Ó Jesú

bróðir besti á færeysku. Því næst var Jóhan Hendrik kvaddur og stefnan tekin aftur á Þórshöfn.

Í Þórshöfn var svo kvöldverður og móttaka í boði Þórshafnar. Fór hún fram í Hornahúsinu, sem er gamalt bóndabýli, er sveitarfélagið Þórshöfn notar sem móttökuhús. Bauð Heðin Mortensen, borgarstjóri Þórshafnar, Íslendingana velkomna og svo tók við góður matur, söngur og gleði og gaman. Var Jákup Simonsen, deildarstjóra menntamála deildar Þórshafnar, þakkað fyrir góðar móttökur Þórshafnar, en borgarstjórinn þurfti að hverfa til annarra skyldustarfa áður en kvöldið var úti. Einnig var Tóri

í Hoyvik þakkað fyrir leiðsögn og samveru. Loks var svo Tróndi þakkað fyrir skipulagninguna, samveruna og fræðsluna, en hann var fyrirtaks leiðsögumaður. Dagskránni lauk svo með smá kennslustund í færeyskum hringdansi, áður en haldið var út í rútu og ekið til Runavik, en þar var gíst síðustu nóttina.

Föstudagur 3. september

Lítill tími gafst til annars en að koma sér út á flugvöll, þótt óneitanlega mætti njóta útsýnisins á leiðinni þangað, en þennan dag var mjög gott veður – sólskin og blíða. Á flugvellingum urðu svo skil – hluti hópsins tók flugið heim til Íslands, en hluti varð eftir og kom heim þremur dögum síðar. Nánar verður sagt frá framhaldsferðinni síðar.



Skilaboð frá bæjarstjórn Þórshafnar til íbúa bæjarins. Óskandi væri að sveitarfélag hér á landi tækju þetta sér til fyrirmyndar.



Tróndur Leivsson, Ólavur Rasmussen og Kristin Michelsen taka lagið fyrir Íslendingana.

Lokaorð

Þegar fyrstu fregnir bárust af því að fyrirhuguð væri skógræktarferð til Færeyja var ekki laust við að margir hváðu, enda Færeyjar verið þekktar fyrir flest annað en skóga. „Eru einhver tré í Færeyjum?“ var spurning sem var þó nokkuð oft borin upp fyrir ferð og „Sáuð þið TRÉÐ í Færeyjum?“ spurning sem kom upp eftir að heim var komið. Svarið við fyrri spurningunni er auðvitað já, það eru tré í Færeyjum og reyndar mun fleiri og stærri heldur en margir gera sér í hugarlund og svarið við seinni spurningunni er nei, við sáum TRÉN og skógana. Skógræktarferðir undanfarinna ára hafa verið til landa ríkum af skógi, sem hafa á stundum látið skóga hérlandis virka heldur takmarkaða í samanburði og ekki laust við að gætt hafi smá öfundar í garð þessa ríkidæmis. Um Færeyjar gildir annað mál. Þar eru skógar og skógrækt mun nær okkar aðstæðum og gefst þar raunar tækifæri til að sjá skógrækt sem heyr að sumu leyti erfiðari lífsbaráttu en skógrækt hér á landi. Samt vaxa trén í Færeyjum áfram og vegur skógræktar þar fer vaxandi. Og þrátt fyrir takmarkaðan fjölda og smæð margra skógarreitanna var vel hægt að öfunda Færeyinga ögn af viðarlundunum sínum.

Þakkir

Öllum þeim sem tóku á móti okkur og sinntu okkur í Færeyjum eru færðar bestu þakkir. Einnig ferðafélögunum, því ferðir verða ekki virkilega skemmtilegar, nema skemmtilegt fólk sé með í för. Sérstakar þakkir fær Tróndur Leivsson fyrir skipulagningu,

góða leiðsögn og almennt utanumhald í ferðinni, sem og fyrir yfirlestur greinar.

Heimildir:

- Føroya Fróðskaparfelag, 1989: *Træplanting í Føroyum í eina öld – A century of tree-planting in the Faroe Islands*. Sérrit nr. XIV af Fróðskaparriti, ritst. Andrias Højgaard, Jóhannes Jóhansen og Søren Ødum. Føroya Fróðskaparfelag, Tórshavn. Aðgengilegt sem PDF-skjal á www.us.fo/Default.aspx?ID=10363
- Hannon, Gina E. & Bradshaw, Richard H.W., 2000: *Impacts and Timing of the First Human Settlement on Vegetation of the Faroe Islands*. *Quaternary Research* 54: 404–413.
- Leivur Hansen, 1976: *Trjárækt í Færeyjum*. Ársrit Skógræktarfélag Íslands 1976: 39–42.
- Snorri Sigurðsson, 1980: *Skóg- og trjárækt í Færeyjum*. Ársrit Skógræktarfélag Íslands 1980: 41–46.
- Umhvörvisstovan. Heimasíða. Vefsíðuslóð: www.us.fo/Default.aspx?AreaID=31. Skoðuð í sept. 2010.
- VISITFAROEISLANDS, 2010. Án titils. Vefsíðuslóð: www.visitfaroeislands.com. Skoðuð í sept. 2010.
- VISITFAROEISLANDS, 2010: *Welcome to the Faroe Islands*. Vefsíðuslóð: www.faroeislands.com. Skoðuð í sept. 2010.
- Wikimedia Foundation Inc., 2010: *Faroe Islands*. Vefsíðuslóð: en.wikipedia.org/wiki/Faroe_Islands. Skoðuð í sept. 2010.
- Ýmsar munnlegar heimildir – Tróndur Leivsson, Hans Hjalte Skaale, Tóri í Hoyvík og fleiri leiðsögumenn og móttökuaðilar.



Íslensku ferðalangarnir allir saman komnir í Runavík. Mynd: BJ